

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 29. mars 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar, er taki gildi 1. apríl 1993:

Gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar, nr. 189, 22. maí 1992, sbr. og breyting nr. 411, 25. nóvember 1992:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 0,90%.

Iðnaðarráðuneytið, 25. mars 1993.

F. h. r.

Baldur Pétursson.

Steinunn Bjarman.

GJALDSKRÁ

Hollustuverndar ríkisins vegna eftirlits og vinnslu starfsleyfa samkvæmt mengunarnareglugerð nr. 396/1992.

Gjöld fyrir vinnslu starfsleyfa og mengunareftirlit með starfsleyfis skyldri starfsemi.

1. gr.

Hollustuvernd ríkisins skal innheimta gjöld vegna vinnslu starfsleyfa og eftirlits með starfsleyfis skyldri starfsemi samkvæmt viðauka 7 í reglugerð nr. 396/1992 í samræmi við gjaldskrá þessa.

Atvinnurekstur sem upp er talinn í viðauka 7 í reglugerð nr. 396/1992 skal greiða gjald fyrir vinnslu starfsleyfis, samkvæmt 8. kafla reglugerðarinnar, við veitingu þess og árlegt gjald vegna eftirlits samkvæmt grein 3.5. í reglugerðinni sem hér segir:

	Starfsleyfisvinnsla	Eftirlit
1. flokkur	kr. 490 000	kr. 245 000
2. flokkur	kr. 87 000	kr. 61 000
3. flokkur	kr. 46 000	kr. 26 000
4. flokkur	kr. 15 500	kr. 10 500
5. flokkur	kr. 15 500	kr. 10 500

Þegar unnið er starfsleyfi fyrir ólíka þætti í starfsemi sama fyrirtækis, er heimilt að innheimta sérstakt gjald fyrir hvern þátt.

Úttekt vegna starfsleyfisvinnslu.

2. gr.

Telji Hollustuvernd ríkisins eða umsagnaraðilar að upplýsingar um mengun og áhrif hennar á umhverfið skorti er heimilt að setja sem skilyrði að fram fari úttekt, það er athuganir, mælingar eða rannsóknir á kostnað umsækjanda, samkvæmt gr. 8.2.5. reglugerðar nr. 396/1992.

Taki Hollustuvernd ríkisins þátt í að undirbúa, framkvæma eða hafa eftirlit með úttekt, það er athugunum, mælingum eða rannsóknum samkvæmt þessari grein, skal umsækjandi greiða stofnuninni samkvæmt gjaldskrá nr. 43/1991.

Breyting á starfsleyfi.

3. gr.

Fyrir breytingu á starfsleyfi, sérstakar athuganir og aðra sérfræðipjónustu skal greiða samkvæmt gjaldskrá nr. 43/1991.

Úttekt vegna umhverfisvandamála.

4. gr.

Gefi eftirlit til kynna að um veruleg umhverfisvandamál sé að ræða, getur eftirlitsaðili krafist úttektar á kostnað hlutaðeigandi aðila, samkvæmt gr. 3.7. reglugerðar nr. 396/1992. Ágreiningi um nauðsyn slíkrar úttektar og/eða um kostnað má vísa til sérstakrar úrskurðarnefndar eigi Hollustuvernd ríkisins hlut að máli.

Annist Hollustuvernd ríkisins úttektina skal greitt fyrir hana samkvæmt gjaldskrá nr. 43/1991.

Innheimta.

5. gr.

Hollustuvernd ríkisins innheimtir gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

Gjalddagi eftirlitsgjalda er 15. apríl. Heimilt er að innheimta dráttarvexti sé gjald þetta ekki greitt á gjalddaga.

Um innheimtu fer að öðru leyti samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Frávik frá gjaldskrá.

6. gr.

Fari mengunarmælingar ekki fram samkvæmt því sem segir í grein 3.5.2. í reglugerð nr. 396/1992 er heimilt að lækka gjaldið frá og með þeim tíma sem eftirlitið skyldi fara fram og til þess tíma er það hefst að nýju.

Gildistaka.

7. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 17. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 279/1991.

Umhverfisaráðuneytið, 26. mars 1993.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.